

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

Bannað er að leggja bifreiðum vestan megin Brekkustígs, milli Hafnarbrautar og Borgarvegar.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 28. ágúst 1972.

Einar Ingimundarson.

8. september 1972.

Nr. 255.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. sept. 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytt grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Karfi	\$ pr. lb.
10 × 5 m. r.	0.44.70
10 × 5 r. l.	0.45.60
12 × 1	0.50.10
Blokk	0.45.00

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið 8. september 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.